

# Tékklisti fyrir handleiðarafundi með kandídötum

**Fyrsta viðtal** ( í lok fyrsta eða á öðrum mánuði spítala hluta kandídatsársins). Það er á ábyrgð kandídats að bóka viðtalstíma með ykkur.

- Opna ePortfolio ([www.nhseportfolios.org](http://www.nhseportfolios.org))
  - Fyrir þá sem hafa annan ePortfolioaðgang t.d. í almennum lyflækningum þarf handleiðari að velja hlutverk efst vinstra megin: „Select role“: **Iceland Educational Supervisor**
  - Velja ykkar kandídat
    - með því að klicka á „Trainees“ ofarlega fyrir miðjum skjá
    - Velja „Programme Trainees“
    - Skrifa nafn ykkar kandídats í þriðja reitinn við „Search on trainee name“
    - Velja ykkar kandídat og þá opnast hans síða í ePortfolio

Endilega að hvetja kandídat til að setja inn mynd ef slíkt er ekki komið

- Opna (Create) skjal sem heitir: **Combined Induction Meeting with Clinical Supervisor & Initial meeting with Educational Supervisor**
  - Velja Joint educational and clinical supervisor
  - Personal Development plan (PDP) er æskilegt en ekki skylda
  - Ræða hvaða efni marklýsingarinnar námslæknir ætlar að vinna í á næstu mánuðum
  - Svara „Yes“ eða „No“ við spurningum 1-14.
    - Atriði 1-5 eru tekin fyrir á móttökudögum kandídats eða á kynningu með kennslustjóra kandídats við upphaf starfa.
    - Atriði 6: tekur til vinnufyrirkomulags og launakjara. Þetta eiga umsjónardeildarlæknar að hafa gert og launakjör eru kynnt á móttökudögum (laun skv kjarasamningi LÍ).
    - Atriði 7, 9-14 er tekið fyrir á móttökudögum
    - Atriði 8 – Ætti hvert teymi að sjá til þess að sé gert.
  - Skrifa undir með því að velja þína undirskrift í næst neðsta reit.
  - Ýta á „Save“
- Skoða undir **Trainee Home - Summary overview**
  - Er kandídat byrjaður að gera þverfaglegt mat (TAB)
  - Eru komin einhver MiniCEX
  - Eru komin einhver DOPS
  - Eru komin einhver MCR
- Skoða þá/þær íhuganir sem námslæknir hefur gert (Reflection) – vinstra megin á skjáborði
- Er kandídat búin að tengja (linka) matsblöð við marklýsinguna (curriculum)

- Skoða undir flípanum vinstra megin á síðunni: “ Curriculum and PDP” og velja „Iceland Training Programme (FP Curriculum 2012 (updated for August 2015)) og þá sést hvort kandídat hefur tengt matsblöð við undirkafla í marklýsingunni. Hvert matsblað má tengja við 4-6 atriði í marklýsingunni.

**Lokaviðtal** (á næstsíðasta eða síðasta mánuði spítalahluta kandídatsársins). Það er á ábyrgð kandídats að bóka viðtalstíma með ykkur. Þá á kandídat að hafa lokið öllum matsblöðum og þverfaglega matið (TAB: Team assessment behaviour) á að vera fullgert.

- Opna ePortfolio ([www.nhseportfolios.org](http://www.nhseportfolios.org))
  - Fyrir þá sem hafa annan ePortfolioaðgang t.d. í almennum lyflækningum þarf að velja hlutverk, select role: “: **Iceland Educational Supervisor**
  - Velja ykkar kandídat
  - Skoða hvort hann hefur uppfyllt þess sem ætlast er til af kandídat (sjá gátlista um skilyrði fyrir viðurkenningu á kandídatsári sem sett er hér fyrir neðan)
  - Opna og fylla út í eyðublaðið: **Educational Supervisor's End of Year Report**
    - Meta „clinical supervisor’s end of placement report“ með því að skoða þau sérfræðingsmatsblöð (MCR: Multiple consultant report) sem kandídatinn hefur fengið á þeim teymum sem hann hefur unnið á. Þessi matsblöð má finna undir „Forms“ sem er vinstra megin á síðu kandídatsins og velja þar „Supervisor Forms“. Þá birtast þau MCR matsblöð sem kandídatinn hefur fengið.
    - Meta TAB niðurstöðu kandídats
    - Meta hve góða virkni kandídat sýnir í ePortfolio
    - Meta hve vel kandídat hefur sinnt því að fá gerð SLE (supervised learning events = MiniCEX, DOPS, reflections)
    - Meta attendance at formal educational events. Hér má skrá „unable to comment“. Sigrún heldur skrá yfir mætingu þeirra í fræðslu.
    - Fylla út í aðrar spurningar skv ykkar vitund.